

Fólk hættir að
spá í kyn þegar
hlutföllin eru jöfn



Úthlutun
orlofshúsa
sumarið 2021



Konum fjölga ört:
Úttekt um
jafnréttismál



LÖGREGLUMÁÐURINN

1. TÖLUBLAÐ | 37. ÁRGANGUR 2021 | 95. BLAÐ

„Ég verð með
puttann á púlsinum“

Fjölur Sæmundsson, nýkjörinn stjórnarformaður LL, sér tækifæri í nýjum stofnanasamningi en hefur ákveðnar efasemdir um styttingu vinnuvikunnar. Hann verður áfram varðstjóri á Hvolsvelli en lofar að vera duglegur að svara í símann.



Efnisyfirlit

Kveðjupistill formanns	3
Snorri skrifar um vinnutímastyttingu og formannstíð sína	
Kynjahlutföllin batna	4-6
Úttekt um jafnréttismál innan lögreglunnar	
„Fólk hættir að spá í kyn þegar hlutföllin eru jöfn“	6-7
Halla Bergþóra Björnsdóttir lögrelustjóri ræðir jafnréttismál og fer yfir krefjandi starfsár	
Gerbreyting á starfaflokkun og launapróun	8-10
Farið yfir helstu atriði nýs stofnanasamnings	
Viðtal við verðandi formann LL	12-14
Fjölfróðingur Sæmundsson ræðir kjaramál lögreglumanna og boðar breytingar á hlutverki formanns	
Breytingar á lögreglumenntun	16-19
Forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu skrifar grein um menntamál	
Orlofsmál	20-21
Farið yfir orlofskosti LL og sumarúthlutun 2021	
Íþróttir	22-31
- Tuttugu kylfingar kepptu á holumóti 2019	
- Fimm þreyttu maraþon í Óðinsvéum	
- Svitnað í Sporthúsinu – CF Throwdwn	
- Frábærar aðstæður á Landsmóti í Vestmannaeyjum	
- Sigurbjörn hlutskarpastur þriðja mótið í röð	



LÖGREGLUMADURINN

1. TBL. / 37. ÁRG. 2021 / 95. BLAÐ

RITSTJÓRI
BALDUR GUÐMUNDSSON

ÁBYRGÐARMADUR
SNORRI MAGNÚSSON, FORMADUR LL

GUÐLAUG HREINSDÓTTIR
SKRIFSTOFUSTJÓRI LL

UMBROT OG HÖNNUN
DAVIÐ ÞÓR

FORSÍÐUMYND
DAVIÐ ÞÓR

TEIKNING Á BLS 2
LOGI JES KRISTJÁNSSON

AÐRAR MYNDIR
JÚLÍUS SIGURJÓNSSON OG AÐSENDAR

LL@LOGREGLUMENN.IS
WWW.LOGREGLUMENN.IS

1. tölublað 2021

Formannshornið

Stytttri

Í kjölfar kjarasamninga LL, sem undirritaðir voru í september á liðnu ári, var strax hafist handa við að ganga frá nýjum stofnanasamningi og lauk vinnu við vörpun í nýja launatöflu á fyrstu vikum þessa árs. Þar birtist sú hækkun sem er að finna í bókun 5 með áðurnefndum kjarasamningi eða 4% að lágmarki.

Enn er nokkur vinna eftir – sem er í gangi – er lýtur að svokallaðri starfgreiningu þar sem farið er yfir hvert einasta starf innan lögreglunnar og þau metin m.a. og að hluta til með hliðsjón af ÍSSTARF-starfaflokkunarkerfinu. Þá á einnig eftir að taka saman og yfirfara menntunartig stéttarinnar en ein af grunnforsendum viðbótarflokks og/eða þrepa til aukinnar hækkunar í stofnanasamningi er m.a. sú menntun sem og sí- og endurmenntun sem lögreglumenn hafa aflað sér.

Eitt alstærsta atriði sem samið hefur verið um á launamarkaði á Íslandi og hefur verið eitt helsta baráttumál BSRB í áraraðir náðist í gegn við liðna samningagerð en það er stytting vinnuvikunnar. Þetta eitt hljóðar upp á raunvirðishækkun grunnlauna um á bilinu 11% - 25% en eins og flestir vita er vinnutímastyttingin frá fjórum (4) klst. og allt upp í átta (8) klst. á viku hjá vaktavinnufólki.

Þrátt fyrir gríðarlega kynningu á þessu máli, a.m.k. frá árinu 2012 og með síaukunum þunga sl. tvö ár, virðist enn bera á talsverðum misskilningi hjá launamönnum almennt vegna vinnutímastyttingarinnar. Það er ljóst að ekki er unnt, í svo stuttum pistli sem þessi er, að fara ítarlega yfir málefnið né kynna það til hlítar og er því rétt að benda þeim sem áhuga hafa á að kynna sér það fræðsluefni sem er um þetta að finna á eftirtöldum vefslóðum:

betrivinnutimi.is
styttri.is og *síðast en ekki síst á heimasíðu LL:*
logreglumenn.is

Þeim, sem svo aftur hafa sérstakan áhuga á að kynna sér hugmyndafræðina á bak við styttri vinnutíma, aukinn frítíma með fjölskyldum sínum og hvernig styttri vinnutími hefur betri áhrif á heilsu og líðan almennt, er einnig bent á áhugaverðar upplýsingar sem hægt er að finna á heimasíðunni:

alda.is/stytting-vinnutimans

Rétt er, þrátt fyrir ofanritað, að taka af öll tvímæli um örfá atriði er lúta að vinnutímastyttingunni en það er m.a. sú staðreynd að enginn á að lækka í launum við vinnutímabreytingarnar. Mönnunargat það sem mun myndast vegna vinnutímastyttingarinnar og kostnaður þess vegna er tryggt af hinu opinbera og hér ber sérstaklega að horfa til þess einnig að möguleg undirmönnun í einhverjum stofnunum er allt annað og aðskilið mál frá vinnutímastyttingunni. Þetta eru einnig atriði sem almennt launamaður á ekki að vera að velta fyrir sér enda er hvort tveggja, rétt mönnun og fjármögnun stofnana hins opinbera, á ábyrgð stjórnenda þeirra og fjárveitingavaldsins og ábyrgð á verkefninu er kemur að vinnutímastyttingunni liggur hjá forstöðumönnum opinberra stofnana.



Þetta er síðasti pistill sem ég rita í þetta blað sem formaður LL og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka lögreglumönnum þann trúnað og traust sem þeir

hafa lagt á mínar herðar í gegnum undanfarin ár. Margar brekkur hafa verið á þessari leið sem reyndar hófst í einni stærstu og erfiðustu brekku sem nokkurt stéttarfélag eða forysta þess hefur nokkurn tímann klifið á Íslandi en það var kjarasamningagerð í miðju bankahruni í október 2008. Þrátt fyrir þær aðstæður sem þá voru á vinnumarkaði tókst að halda í við storminn sem stóð í fangið og m.a.s. að færast örlítið fram á



Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka lögreglumönnum þann trúnað og traust sem þeir hafa lagt á mínar herðar

við. Framsóknin hefur síðan verið nokkuð stöðug en erfið þar sem flestar launahækkunar árána í kjölfar bankahrunsins fólust í krónutöluhækkunum, sem öllu algerrri eyðileggingu á launatöflu lögreglumanna. Það vandamál hefur nú verið lagfært og standa vonir mínar til þess að sá mikli ávinningur, sem náðist með nýrri launatöflu í byrjun þessa árs, sem og nýjum stofnanasamningi, muni, þegar fram líða stundir, skila sér í enn betri kjörum þar sem hver og einn getur haft meiri og gegnsærri áhrif á samspil sí- og endurmenntunar sinnar í starfinu og launasetningu.

Hvað framtíðin síðan ber í skauti sér og hvort við nokkurn tímann rekumst hvert á annað aftur í leik eða starfi á eftir að koma í ljós.

Kynjahlutföll í lögglunámi hafa verið jöfn eftir að námið var fært á háskólastig. Á myndinni eru lögglubjónar af báðum kynjum.



Konum í stéttinni fjölga ört


Konur hefur fjölgað hlutfallslega í röðum menntaðra lögglumanna síðustu ár, samkvæmt tölum úr ársskýrslum ríkislögglustjóra.

Hlutfall kvenna var 13 prósent árið 2014 en 20 prósent árið 2020, þegar horft er til allra starfsstiga. Það er 54 prósent aukning á sex árum. Starfandi jafnréttisfulltrúi innan lögglunnar segir að jöfn kynjahlutföll í lögglunámi í Háskólanum á Akureyri gefi tilefni til bjartsýni um að kynjahlutföllin meðal lögglumanna verði jafnari þegar fram líða stundir.

Fjölga hægur á efri starfsstigum
Eins og sjá má á meðfylgjandi grafi hefur hlutfall kvenna aukist töluvert þegar horft er til efri starfsstiga innan lögglunnar, þótt þar sé enn langt í land. Kona gegnir nú í fyrsta sinn starfi yfirlögglubjóns og hlutfall þeirra í röðum aðstoðaryfirlögglubjóna hefur aukist. Konur voru í fyrra tæplega fimmtungur starfandi varðstjóra eða rannsóknarlögglumanna. Þær voru um 14 prósent aðalvarðstjóra og lögglufulltrúa og um 12 prósent aðstoðaryfirlögglubjóna. Hafa þarf hugfast að fáir einstaklingar eru að baki tölum um stjórndendur.

Til að eiga þess kost að vera skipaður yf-

Hlutfall kynja meðal nemenda í lögglunámi



irlögglubjón eða aðstoðaryfirlögglubjón þarf viðkomandi að hafa starfað sem lögglumaður í fimm ár, samkvæmt gildandi reglum.

Þegar aðeins er horft til óbreyttra lögglumanna er hækunin meiri hlutfallslega. Konur voru færri en 10 prósent lögglumanna í kringum aldamótin. Árið 2014 var hlutfallið 16 prósent en í fyrra var það komið upp í 30 prósent. Nærri lætur að þriðji hver menntaður og óbreyttur lögglubjóni í starfi sé kvenkyns.

Það er eitt meginmarkmið jafnréttis- og framkvæmdaáætlunar lögglunnar 2019-2022 að jafna kynjahlutfallið innan lögglunnar. „Markmið lögglunnar er að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum í heild, innan sviða, eininga og starf-flokka. Einnig að lögglan sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel og engum er mismunað.“

Fjöldi í lögglunámi og hlutfall kynja

Ár	Fjöldi	Konur	Karlar	Skóli
2012	20	30%	70%	LR
2013	20	25%	75%	LR
2014	16	69%	31%	LR
2015	16	31%	69%	LR
2017	39	56%	44%	MSL
2018	41	48%	52%	MSL
2019	52	48%	52%	MSL
2020	40	43%	57%	MSL
2021	41	49%	51%	MSL

Kynjahlutföll í námi vekja vonir

Það sem gefur viðmælendum Lögglumannsins ástæðu til bjartsýni er sú þróun sem orðið hefur á hlutföllum kynja í námi eftir að það var fært á háskólastig. Karlar voru í drjúgum meirihluta nemenda flest árin á síðustu árum Löggluskóla ríkisins, þótt sveiflurnar hafi verið miklar á milli ára.

Frá því námið var fært á háskólastig, árið 2016, hefur sviðsmyndin breyst til batnaðar. Nærri lætur að konur hafi verið helmingur nemenda frá því námið var sett á laggirnar.

Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir enda í viðtali hér á næstu opnu í blaðinu, að konur hafi undanfarið verið um helmingur þeirra menntuðu lögglumanna sem hafa hafið störf hjá embættinu.

Konur mæta meiri hindrunum

Kristbjörg Fjóra Hrólfsdóttir er jafnréttisfulltrúi lögglunnar en hvert löggluembætti hefur á að skipa jafnréttisfulltrúa. Kristbjörg var skipuð í september 2018 til þriggja ára en hefur verið í fæðingarorlofi frá því í nóvember. Hún bendir í svari við fyrirspurn Lögglumannsins á að samkvæmt tveimur skýrslum sem gefnar voru út árið 2018 og bera heitið áskoranir og tækifæri í jafnréttisstarfi bendir ekkert til þess að konur sæki síður en karlar um embætti sem auglýst eru laus til umsóknar.

Í niðurstöðum annarrar skýrslunnar segir: „Konur virðast hins vegar mæta meiri hindrunum í hæfnismati en karlar og þegar verið er að auglýsa störf í efri starfsstigum virðast færri umsóknir berast en vænta mætti og á það jafnt við um umsóknir frá konum og körlum.“

Mikilvægt að endurspegla samfélagið

Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögglu, segir í samtali við Landssamband lögglumanna að það sé virkilega ánægjulegt að kynjahlutfallið í námi sé orðið nokkuð jafnt á meðal nemenda eftir að námið færdist á háskólastig. „Til að lögglan búi yfir skilningi á samfélaginu og trausti frá ólíkum hópum þess er mikilvægt að hún endurspegli samfélagið sem best,“ segir hann þegar tölfræðin er borin undir hann.


Ólafur segir að næsta áskorun felist í því að fjölga fólki af erlendum uppruna innan lögglunnar en árið 2019 var hlutfall fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda 15,6% íbúa landsins. „Afar fáir umsækjendur um starfsnám eru úr þessum hóp, enda er lagaskilyrði að vera íslenskur ríkisborgari. Háskólinn á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögglu munu taka þátt í þróunarverkefni með norrænu löggluháskólunum á þessu og næsta ári sem snýr að því að finna leiðir til að laða fjölbreyttan hóp umsækjenda að lögglunáminu,“ segir Ólafur.

Vinnustaðamenning

Jafnrétti snýst um fleira en jöfn kynjahlutföll, eins og Halla Bergþóra Björnsdóttir lögglustjóri bendir á í viðtali á næstu


Kynjahlutföll meðal menntaðra lögglumanna

Staðan 1. febrúar ár hvert skv. gögnum frá Ríkislögglustjóra



Hlutfall kvenna innan lögglunnar eftir starfsstigi

Að mestu byggt á ársskýrslum Ríkislögglustjóra



opnu í blaðinu. Kristbjörg segir að erfitt sé að alhæfa um vinnuþvingu innan lögglunnar, án þess að nýleg rannsókn liggja fyrir. „Tilfinning mín er þó sú að hún sé almennt jákvæð miðað við umræður innan hóps jafnréttisfulltrúa innan lögglunnar.“ Hún bendir þó á að samt sé af mörgu að taka.

Samkvæmt upplýsingum frá fagræði ríkislögglustjóra, sem tekur til umfjöllunar mál sem varða beina og óbeina mismunum, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögglunnar bærast ráðinu ellefu erindi árið 2020. Þar af voru þrjú mál sem tengdust kynbundinni eða kynferðislegri áreitni. Hin átta málin voru eineltismál. Fjórir karl-

ar leituðu til fagræðsins og fjórar konur en í þremur tilfellum leitaði yfirstjórn embættis til fagræðsins. Í þeim tilfellum voru ætlaðir þolendur konur.

Eins og áður segir er Kristbjörg jafnréttisfulltrúi ríkislögglustjóra. Hún sinnir því samhlíða starfi lögfræðings hjá embættinu. Hún telur stöðu jafnréttismála innan þess embættis góða en tekur fram að almenn upplifun gefi aðeins takmarkaða innsýn í stöðuna. Mikilvægt sé að rannsóknir séu framkvæmdar með reglulegu millibili. „Jafnréttismálin þurfa að vera sífellt í brennidepli því enn þá er á mörgu að taka eins og að jafna kynjahlutföll og stöðugt þarf að vera vakandi fyrir því að bæta vinnustaðamenningu.“

Verkefni jafnréttisfulltrúa

Kristbjörg Fjóra segir að viðfangsefni sín sem jafnréttisfulltrúi embættis ríkislögreglustjóra hafi verið fjölbreytt á þeim rúmu tveimur árum sem hún hefur gegnt hlutverkinu. Helst beri að nefna árlegan fund jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar lögreglu, þar sem farið er yfir stöðu jafnréttismála innan lögreglunnar. „Fagræð ríkislögreglustjóra hefur haldið kynningar á sínu starfi og rætt við jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefnd á þessum árlegu fundum. Á þessum árlegu fundi gefst tækifæri til að ræða málin heildstætt og það sem brennur á jafnréttisfulltrúum og jafnréttisnefndinni, bæði það sem er jákvætt og það sem betur má fara,“ útskýrir Kristbjörg.



Kristbjörg Fjóra Hrólfssdóttir

Önnur viðfangsefni hafi meðal annars verið að taka á móti ábendingum eða fyrirspurnum sem tengjast jafnréttismálum og ýmist svara þeim eða beina í réttan farveg. Hún hefur verið tengiliður við jafnréttisfulltrúa annarra lögregluembættis og jafnréttisnefndina, ásamt jafnréttisfulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Einnig nefnir hún árlega kynningu á stöðu jafnréttismála fyrir nýja starfsmenn á lögglunámi og kynningar fyrir nemendur alþjóðlega jafnréttisskólans. „Hlutverk mitt hefur einnig verið að fylgjast með jafnréttisumræðu og taka eftir atvikum þátt í samstarfi vegna jafnréttismála innan sem utan lögreglunnar; stuðla að sýnileika, þekkingu og skilningi á jafnréttismálum innan lögreglunnar og stuðla að jafnréttisstarfi innan hennar.“

Gert er ráð fyrir að jafnréttisfulltrúar noti hluta starfstíma síns til að sinna þessu hlutverki en vegna anna í starfi verður oft á tíðum lítil tími til að sinna hlutverkinu. Kristbjörg segir að til að starf jafnréttisfulltrúa lögreglunnar geti orðið markvissara þurfi fulltrúarnir að hafa meira svigrúm til að sinna þessum mikilvæga málaflökki.

▼ Ný rannsókn í bígerð

Dómsmálaráðuneytið heldur utan um framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum. Ráðuneytið og ríkislögreglustjóri leituðu til námsbrautar í kynjafræði við Háskóla Íslands um samstarf vegna framkvæmdar framhaldsrannsóknar á vinnu- menningu og kynjatengslum innan lögreglunnar. Slíka rannsókn gerðu Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir árið 2013. Höfundarnir hafa samþykkt að endurtaka rannsóknina nú.

Finnborg segir við Lögglumanninn að markmið verkefnisins sé að fá innsýn í vinnu- menningu og kynjatengsl lögreglunnar. „Spurningakönnun verður send út til allra starfsmanna lögreglu á haustmánuðum 2021,“ segir Finnborg. Hún segir að skýrsla verði rituð sem ber saman niðurstöðurnar við fyrri rannsóknir. „Ráðgert er að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar í lok árs 2021,“ segir hún.



Fólk hættir að spá í kyn þegar hlutföllin eru jöfn

Halla Bergþóra Björnsdóttir tók við embætti lögglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í maí í fyrra, önnur kvenna. Fyrsta árið í starfi hefur verið mjög krefjandi enda hefur heimsfaraldurinn skapað ýmsar áskoranir, ekki síst fyrir manneskju sem er ný í starfi.

Þetta hefur verið mjög óvenjulegt vegna COVID-ástandsins. Það er skrytið að koma nýr inn og mega varla hitta neinn,“ segir Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Hún tók til starfa í maí í fyrra, þegar fyrsta bylgja faraldursins var á undanhaldi.

Halla segir að helstu áskoranirnar hafi verið að kynnast starfsmenn og samstarfsfólkinu á COVID-tímum. Þar hafi sumarleyfistíminn, sem var að renna upp þegar hún tók til starfa, ekki hjálpað til, auk þess sem ýmislegt sem snýr að faraldrinum hafi verið til trafala, svo sem grímuskylda og heimavinna. „Grímurnar þyrftu að vera glærar,“ segir Halla og hlær en bætir við.

„Þetta hefur verið svoltið krefjandi en maður hefur auðvitað ekki samanburðinn; hvornig þetta hefði verið í eðlilegu árferði.“

Breytingar hafa orðið á yfirstjórn lögreglunnar síðustu misseri sem hefur haft mannabreytingar í för með sér. Auk þess hafa kjarasamningsmál, nýr stofnana- samningur og vinnutímastytting verið verkefni sem mætt hafa nýjum lögglustjóra á fyrsta starfsárinu. „Þetta kemur allt á sama árinu. Þetta er svoltið eins og að hafa tekið við embættinu á sterum,“ segir hún og hlær, en bætir síðan við, ógn alvarlegri. „Mér var strax afskaplega vel tekið og ég fann fljótt að hjá embættinu starfar mjög öflugur hópur sem gott er að vinna með.“

Framfaraskref fyrir löggluna

Höllu list mjög vel á stofnana- samninginn sem unnið hefur verið að. Hún lítur á samninginn sem framfaraskref fyrir löggluna í heild, en nýgerður samningur sé þó bara fyrsta skrefið. Hann eigi eftir að þróa og vinna betur, meðal annars í samræmi við þær bókanir sem honum fylgi. „Ég held það hafi verið heillaspor að ná að gera einn samning fyrir alla, því stofnana- samningur er venjulega samningur við eina stofnun. Með þessu móti verður launaumhverfi lögglumanna vonandi samræmdara á milli embættis á framtíðinni, sem gerir auðveldara fyrir starfsfólk að færa sig á milli embættis. Þetta eykur þannig sveigjanleika fyrir lögglumenn.“

Hún bendir líka á að hendur lögglu hafi lengi verið bundnar hvað varðar atriði sem snúa að persónubundnum og tímabundnum þáttum í launaumhverfi lögglumanna, sem fjallað er um í B-hluta samningsins. Samningurinn sé fyrsta skref í þá átt að búa til svigrúm innan sama starfsstigs til launa- þróunar og jafnframt virkja framangreinda þætti, nái sú vinna sem hafin er í samræmi við bókanir fram að ganga.

Góð markmið en krefjandi að útfæra

Stytting vinnuvikunnar er verkefni sem fyrirtæki og stofnanir á landinu hafa verið að takast á við að undanförunu. Styttingin hefur þegar verið innleidd hjá þeim sem vinna hefðbundnar vinnustundir en þann 1. maí næstkomandi mun vinnuvika starfsfólks, í fullu starfi, í vaktavinnu stytta úr 40 klukkustundum í 36 á viku – jafnvel 32 stundir í einhverjum tilvikum. Halla segir að markmiðið sé fyrst og fremst að minnka álag á starfsmenn, bæta vinnustaðamenningu og að meira jafnvægi skapist á milli vinnu og einkalífs. Markmiðin séu mjög göfug og ávinningurinn mikill, ef vel til tekst.

„Það er ekki langur tími til stefnu og þetta er áskorun, sérstaklega hjá fólki sem vinnur vinnu sem sinna þarf allan sólarhringinn. Það þarf einhver að taka við þegar vaktirnar þeirra stytta – og það mun kosta eitthvað.“ Hún segir að eins og sakir standi sé ekki svigrúm í rekstrinum fyrir þá viðbót og ríkið hafi ekki tryggt lögglunni nægt fjármagn til að mæta útgjaldaaukningunni. „Það þarf að hafa hraðar hendur því vaktir þarf að skipuleggja með góðum fyrirvara. Þetta er

Halla Bergþóra þurfti að kynnast nýju og krefjandi starfi í miðjum heimsfaraldri, þar sem sóttvarnir og fjarvinna settu mark sitt á verkefni. MYND: JÚLIUS SIGURJÓNSSON

skafi að fara í gegnum.“ Aðspurð viðurkennir Halla að mannauðsmál og fjármál séu fyrirferðarmikill þáttur í starfinu.

Samskipti aðalatriðið

Halla, sem var lögglustjóri á Norðurlandi eystra, er önnur konan til að gegna starfi lögglustjórans á höfuðborgarsvæðinu en hún leysti Sigríði Björk Guðjónsdóttur af hólmi. Sigríður tók þá við embætti ríkislögreglustjóra. Hún upplifir ekki að hún sé að koma inn í karllægt umhverfi því nú séu kynjahlutföll til að mynda jöfn í hópi lögglustjóra á landinu. „Konur eru kannski öðruvísi en karlar en aðallega snýst þetta um einstaklinginn – að vera mannlegur og í góðum samskiptum við samstarfsfólk sitt. Samskipti eru alltaf aðalatriðið.“

Eins og hér í blaðinu er fjallað um hefur hlutfall kvenna í lögglunni verið að hækka á undanförunum árum. Halla bendir á að kynjahlutföllin séu nokkuð jöfn í náminu líka. Það þýði að nokkuð jafnræði sé á milli kynja þegar kemur að því að taka inn nýutskrifða lögglumenn. „Það var oft mikill halli þegar Löggluskólinn var að útskrifa nemendur en breytingin á náminu hefur breytt þessu til hins betra.“

Halla segir að jafnt kynjahlutfall sé best því þá sé enginn að spá í hvers kyns þú ert. „Alveg sama hver hallinn er – ef það er halli þá er togstreita. Fólk hættir að spá í kynið þegar hlutföllin eru jöfn – og það er best þannig.“

Skiptir máli að ná til allra

Ríflega 50 þúsund innflytjendur búa á Íslandi, eða rúm 14 prósent mannfjöldans. Halla Bergþóra er þeirrar skoðunar að lögglan eigi að endurspegla þjóðfélagið eins og hægt sé, ekki aðeins þegar kemur að kynjum. Innan lögglunnar starfa lögglu- þjónar sem eru af erlendum uppruna. „Það er mikilvægt að hafa einhverja sem tala erlend tungumál. Markmiðið er auðvitað að lögglan sé vel í stakk búin til að geta sinnt starfinu eins vel og kostur er; fyrir öruggi íbúa og lögglumanna.“

Hún segir að ef til vill treysti fólk, sem kemur annars staðar frá, lögglunni ekki eins vel og Íslendingar. Því þurfi að mæta. „Við þurfum að ná til þessara hópa og reyna að viðhalda því trausti sem fólk ber til okkar samkvæmt könnunum. Við þurfum að sýna því að við störfum með heiðarlegum hætti.“



Hægt að hafa áhrif á eigin launaþróun

Grundvallarbreytingar á starfaflokkun og launaþróun lögglumanna er að finna í nýjum stofnana-samningi

Í nýjum stofnana-samningi milli Lands-sambands lögglumanna annars vegar og löggluembættanna hins vegar felst grundvallarbreyting á starfaflokkun og í því samhengi grunnröðun launa. Þannig er gert ráð fyrir að launaþróun lögglumanna verði í takt við hlutverk, verkefni, hæfni og ábyrgð í stað þess að þróunin byggji að meginhluta á sjálfvirkum starfsaldurshækkunum. Forsenda þeirrar breytingar er að reglubundið mat á frammistöðu eigi sér stað samanborið við starfslýsingu og að niðurstöður þess mats séu svo yfirfarnar í starfsþróunarsamtali starfsmanns og stjórnanda hans. Samningurinn var samþykktur í janúar 2021.

Í kynningarefni með samningnum kemur fram að stofnana-samningar hafi til þessa heilt yfir verið óvirkir. Launakerfið hafi verið botnfrosið með sjálfvirkum aldurshækkunum. Embættin hafi gert hlutina hvert með sínum hætti og launa-setning og -þróun hafi verið ógegnsæ. Frammistaða einstaklinga hafi ekki verið metin og því hafi ekkert hvatakerfi verið við lýði. Með því að taka upp einn stofnana-samning allra löggluembættanna verði til aukið gegnsæi í launaákvörðunum og heildstæð yfirsýn yfir launaþróun, þvert á embætti. Í þessu felist tækifæri lögglumanna til að hafa áhrif á eigin starfsþróun.

Virkur stofnana-samningur kallar á:

- Starfagreiningu fyrir hvern starfaflokk
- Samræmdar starfslýsingar
- Árviss starfsþróunarsamtöl
- Starfsþróunarstefnu embættis og einstaklings
- Samstarf við Mennta- og starfsþróunarsetur lögglunnar og starfsþróunarsjóð

Hvatning til lögglumanna

„Ég held að svona samningur hafi verið mjög nauðsynlegur fyrir jákvæða launaþróun lögglumanna og geti verið hvatning fyrir marga til að sækja sér aukna menntun og þekkingu.“ -Fjölínir Sæmundsson, nýr formaður Landsambands lögglumanna. Sjá viðtal á bls. 12-14.

Eykur sveigjanleika

„Ég held það hafi verið heillaspor að ná að gera einn samning fyrir alla, því stofnana-samningur er venjulega samningur við eina stofnun. Með þessu móti verður auðveldara fyrir fólk að færa sig á milli embættanna. Þetta eykur þess vegna sveigjanleika fyrir lögglumenn.“ -Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Sjá viðtal á bls. 6-7.

Samningurinn þykir meðal annars líklegur til að draga úr starfsmannaveltu og auka starfsánægju.



Betolvex B₁₂-vítamín

- Með ströngu grænmetisfæði
- Með hækkandi aldri
- Vegna glúteinóþols
- Samhliða ýmsum lyfjameðferðum

Betolvex 1 mg (cyanocobalamin) filmuhúðaðar töflur.

Betolvex inniheldur 1 mg af cyanocobalamin (B₁₂ vítamín). Betolvex er gefið við B₁₂-vítamínskorti og þegar hættu er á slíkum skorti. Viðhaldsskammtar/fyrirbyggjandi meðferð: Venjulega 1 tafla á dag. Töflurnar skal helst taka á fastandi maga. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafærðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.



FÆST ÁN LYFSEÐILS



VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Velur þína leið

Í inngangi samningsins segir að ekki sé unnt að fara blandaða leið, þ.e. að bæði verði greitt sjálfvirkt fyrir starfsaldurshækkunar og fyrir mat á persónubundnum og tímabundnum þáttum, svo sem mat á verkefnum, hæfni og ábyrgð. Fram kemur að í kjölfar starfsþróunarsamtals skuli liggja fyrir með hvaða hætti laun hvers starfsmanns komi til með að þróast, þ.e. annaðhvort í samræmi við sjálfvirkar hækkanir eða á grunni persónubundinna og tímabundinna þátta. Niðurstöður um hvor leiðin er valin skuli stofnanir skrá miðlægt.

Markmiðið með þessu er að fjölga því starfsfólki sem býr við launabreytingar sem byggja eingöngu á mati á persónu- og tímabundnum þáttum. Þetta kerfi verður innleitt í skrefum en stefnt verður að því að þessi leið verði á endanum eingöngu notuð til grundvallar launakjörum innan lögreglunnar. Það þykir vera í takti við áherslur ríkisins um innleiðingu á nútímaaðferðum mannaútsjórnunar og feli meðal annars í sér virkt endurmat á starfslýsingum og kerfisbundið mat á

frammistöðu út frá kröfum starfs á hverjum tíma. Þessi samningur sé fyrsta skrefið í þá átt.

Byggt á hlutlægum mælikvörðum

Í samningnum segir að við framkvæmd hans skuli byggja á grunnforsendum kjarasamnings og horfa til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Röðunin skuli byggja á hlutlægum mælikvörðum þar sem mat er lagt á „skyldur og ábyrgð hvers starfs og hvers konar menntun, hæfni og starfsreynslu er krafist til þess að uppfylla skyldur starfsins“.

Níu skilgreindir starfaflokkar

Í stofnanasamningnum er að finna lýsingar á níu starfaflokkum, sem sumir hafa nokkur undirþrep. Þar er tiltekið hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanns í hverjum flokki. Hér er dæmi um starfaflokk 3a. „Krafa er gerð um að starfsmaður sinni löggæslustörfum, þar á meðal rannsóknum mála og vaktstjórn samkvæmt varðskrá, stjórn verkefna og hópi lögreglumanna við

almenn löggæslustörf. Gerð er krafa um beitingu sérstakrar fagþekkingar í starfi og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Sinnir einnig tilfallandi tímabundnum verkefnum, s.s. að leiðbeina lögreglumönnum. Dagleg úrlausn verkefna starfsmanns skal vera í samræmi við viðeigandi verklag, stefnu og hlutverk lögreglu. Tekur þátt í eða leiðir úrbótastarf innan embættis.“

*Dæmi um starfsheiti: Varðstjóri
Grunnröðun: lf. 17.0
Eða eftir 5 ár samkvæmt eldra starfsaldursákvörðunarkerfi: lf. 17.1.*

Fram kemur að endanlegir kostnaðarútreikningar við upptöku þessa fyrirkomulags skuli liggja fyrir þann 1. maí á þessu ári. Fari kostnaður fram úr þeim ramma sem stofnunum er ráðstafað af fjárlögum vegna samningsins, þurfi að meta áhrif þess á rekstrargrunn stofnana. „Ef áhrifin eru óveruleg skal meta hvort unnt er að mæta því eftir gerð næstu kjarasamninga, ella þarf að endurskoða ákvæði þessa samnings sem og bókana í því tilliti,“ segir í samningnum.

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Alþýðusamband Íslands
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkídea arkitektar ehf
Arkís arkitektar ehf
Atorka ehf verktakar og vélaleiga
Auglýsingastofan ENNEMM
Áman ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
Bakarameistarinn ehf
BBA FJELDCO ehf
Ber ehf
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Birtingur ehf
Bílabúð Benna ehf
Bílahöllin-Bílayðvörn hf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar
Bílrúðan ehf
BK kjúklingar
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómatorgið ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Borgarpylsur
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Brúnás innréttingar
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
City Car Rental
Curvy.is - tískuverslun
D&C ehf
Dental stál ehf
Dýraspítallinn Víðidal ehf
Eðalbílar ehf
Efling stéttarfélag
Eignaumsjón hf
Eir ehf
Eirvík-heimilistæki ehf
Englabörn
Eyrir Invest hf
Felgur smiðja ehf
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Fínka ehf, málningarverktakar
Fjárhald ehf
Frami, félag leigubifreiðastjóra
Framvegis-miðstöð símenntunar
Freska Seafood ehf
Fylkir ehf
G.K. trésmíði ehf
Gagnaeyðing ehf

Garðs Apótek
GÁ húsgögn ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gjögur hf
Globus hf
Grænn markaður ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hagi ehf-Hilti
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Happdrætti Háskóla Íslands
Hárgreiðslustofan Aþena
Hársnyrtistofan Aida
Hekla hf
Helgason og Co ehf
Hereford Steikhúsið ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
Herrahúsið - Adam
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hornið veitingastaður
Hókus Pókus ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hugvit hf
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
IcePharma hf
Inter ehf
Íbúðagisting.is
Íhlutir ehf
Íslenska lögfræðistofan
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ísmar ehf
Jómfrúin veitingahús ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
KR-ST Lögmenn
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
Kemi ehf-www.kemi.is
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
KOM almannatengsl
Kólus ehf
Kringlan
Kría Hjól, hjólaverkstæði og verslun
Kvika banki hf
Kvikk Þjónustan ehf
Landhelgisgæsla Íslands
Landsnet hf-www.landsnet.is
Landssamtök lífeyrissjóða
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-og rekstrarráðgjöf
Lifandi vísindi
Litla sendibílastöðin

Ljósboginn ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögfræðipjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Matborðið ehf
Matthías ehf
Merking ehf
Mokka-Espresso-Kaffi
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlakaffi
Múlaradíó ehf
Neytendastofa
NORDIK lögfræðipjónusta
Nortek ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
O K varahlutir ehf
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Parket og gólf
Pétur Stefánsson ehf
Pingpong.is
Poulsen ehf
Prinsinn, söluturn
Profil Optik
Promennt ehf
Prófilstál ehf
Rafeindastofan ehf
Rafey ehf
Rafiðnaðarsamband Íslands
Raflex ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rafval sf
Rafviðgerðir ehf
Rarik ehf
Rásin sf, rafverktaki
Reykjafell hf
Reykjavík Residence Hotel
Reykjavíkurborg
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samsýn ehf
Samtök starfsmanna fjármálfyrirtækja-SSF
Seljakirkja
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
Signa ehf, skiltagerð og merkingar
Sjáðu gleraugnaverslun
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
SM kvótaþing ehf
Sport-Tæki ehf

„Ég verð
með puttann
á púlsinum“

Fjölur Sæmundsson, sem kjörinn var formaður stjórnar Landssambands lögreglumanna í formannskosningu í janúar, er í grunninn félagsfræðingur og kennari. Hann hefur farið á þing og var einn þeirra sem rannsakaði efnahagshrunið. Fjölur tekur við hlutverkinu að loknu þingi í vor og hefur skýra sýn á það sem hann vill gera.

Fjölur er fæddur árið 1970 og á þrjár uppkomnar dætur. Eftir að hafa starfað sem kennari og svo skólastjóri í Fljótshlíð hóf hann störf við afleysingar hjá lögreglunni á Hvolsvelli. Eftir fimm ár í afleysingum fór hann í Lögregluskólann, árið 2005.

Að námi loknu starfaði Fjölur sem lögreglumaður í Hafnarfirði, fyrir sameiningu embættanna, en gekk síðar til liðs við rannsóknardeildina í Reykjavík. Árið 2007, skömmu fyrir hrun, fór hann yfir í efnahagsbrotadeildina. Í hruninu var hann svo lánaður – eins og hann kemst sjálfur að orði – til sérstaks saksóknara.

Rannsakaði hrunið

Hjá embættinu gekk mikið á, enda gegndi sérstakur saksóknari lykilhlutverki í samfélaginu á árunum eftir hrun. „Maður drap sig næstum því af vinnuálagi. Ég upplifði að maður væri með þjóðina á bakinu og að maður þyrfti einfaldlega að leysa banka-hrunið,“ segir Fjölur þegar hann hugsar til baka. Hann vann langar stundir fyrir embættið og svaf stundum bókstaflega með rannsóknargögnin á náttborðinu.

Hann er ánægður með hverju sérstökum saksóknara tókst að áorka á þessum tíma. Hópur starfsmanna hafi verið þéttur og samstaðan mikil en embættið varð síðan að Héraðssaksóknara. Þetta var honum mikil og góð reynsla.

Pressað á hann frá 2012

Fjölur segir aðspurður að pressað hafi verið á hann frá árinu 2012 að gefa kost á sér til starfa fyrir Landssamband lögreglumanna. Hann segist fyrst um sinn hafa viljað biða þess að núverandi formaður stigi til hliðar. Þegar þrýstingurinn hafi aukist, í aðdraganda kjörsins að þessu sinni, hafi hann ákveðið að láta slag standa. Hann er afar ánægður með það

traust sem honum hefur verið sýnt og þykir vænt um stuðninginn „þrátt fyrir“ að hann sé varapeningmaður fyrir Vinstri græna. „Ég hef farið inn á þing fyrir Vinstri græna og þá alltaf rætt mál sem tengjast lögreglunni – meðal annars vakið athygli á uppsöfnuðum málafljólda lögreglumanna.“

Fjölur hefur áhuga á félagsmálum og bæjarstjórnarpólitík og hefur setið í kjörstjórnunum. Hann er fæddur og uppalinn í Kópavogi og hóf búskap sinn í Hafnarfirði. Þegar stúlkurnar hans þrjár voru ungar ákváðu þau hjónin að venda kvæði sínu í kross og flytja í Fljótshlíð. Þau bjuggu svo um hríð í Hafnarfirði en eru flutt aftur austur og una hag sínum vel, þótt nú séu þau aðeins tvö í koti. Börnin eru flogin en Fjölur á þrjú barnabörn.

Verður ekki framkvæmdastjóri

Fjölur hlaut þrjá fjórðu hluta atkvæða þegar hann bauð sig fram gegn fráfarandi formanni, Snorra Magnússyni, fyrr í vetur, en Snorri hefur setið frá 2008.

Í aðdraganda kosninganna lagði Fjölur áherslu á fá en skýr atriði sem hann vill breyta í formannstíð sinni. Eitt af þeim atriðum er að ráðinn verði framkvæmdastjóri á skrifstofu landssambandsins en Snorri hefur sjálfur gegnt starfi framkvæmdastjóra á sinni tíð. Því vill Fjölur breyta og lofaði í kosningabaráttunni að það yrði hans fyrsta verk, að ráða framkvæmdastjóra á skrifstofuna. Hann sér þess vegna fyrir sér að verða áfram starfandi varðstjóri á Hvolsvelli en vinna formannsstörfín sem aukastarf. Það hljóti að vera kostur að formaður stéttarfélags lögreglumanna sé starfandi lögreglumaður. Þess má geta að kjörtímabilið nær til ársins 2024.

Maður drap sig næstum því af vinnuálagi

Efasemdir um styttingu

Stytting vinnuviku vaktavinnu-fólks tekur gildi 1. maí. Fjölur hefur ákveðnar efasemdir um að þau áform muni ganga upp, sérstaklega hjá lögreglumönnum á landsbyggðinni, sem hann hugsar mikið til. „Við sem erum hér á Suðurlandi í 12 tíma-kerfinu sjáum fram á að þurfa jafnvel að vinna meira. Launin okkar eru svo mikið byggð upp á greiðslum

fyrir álag og það mun lækka með styttingu vinnuvikunnar. Þeir sem ekki ganga næturvaktir fá ekki fullan vaktahvata. Í dag vinn ég 15 vaktir í mánuði. Ef ég fer í 8 tíma kerfi þá fer ég í 18-19 vaktir í mánuði og vinn þrjár helgar í stað tveggja.“

Hann óttast að ríkið muni ekki bæta lögreglunni það „mönnunargat“ sem blasir við. „Það þyrfti að fjölga lögreglumönnum um eitt hundrað til að stoppa í gatið.“

Stofnanasamningurinn góður grunnur Vinnu við nýjan stofnanasamning lögreglunnar lauk í janúar. Samningurinn kveður á um grundvallarformbreytingu á launa- og starfsumhverfi lögreglumanna. Launaþróun á að verða gegnsærri auk þess sem samningurinn leggur grunn að heildstæðu starfsferilskerfi þar sem tekið er mið af miðlægri starfsþróun, sí- og endurmenntun lögreglunnar.

Fjölur telur að samningurinn, samhliða því að lögreglumenn fengu nýja launatöflu, sé góður grunnur að byggja á til að hækka laun lögreglumanna. „Ég held að flestir geti fengið ágætari hækkanir í gegnum hann.“ Hann bendir á að tíma muni taka að innleiða mismunandi skref í samningnum, svo sem að starfsmenn ræði við yfirmenn sína um að fá umbun fyrir ákveðin aukastörf eða menntun. „Ég held að svona samningur hafi verið mjög nauðsynlegur ▶



Fjöltnir vill að lögreglan haldi sjálf utan um lögreglunámið en vill engu að síður að námið verði áfram á háskólastigi.

▼ fyrir jákvæða launaþróun lögreglumanna og geti verið hvatning fyrir marga að sækja sér aukna menntun og þekk-ingu.“

Góð kjarabót

Nýr kjarasamningur við lögreglumenn var undirritaður í september. Hann var samþykktur með 59% greiddra atkvæða. Fjöltnir var einn þeirra sem samþykktu samninginn. Hann bendir á að í samningnum felist mjög góð kjarabót fyrir lögreglumenn. Lágmarks-hækkun sé 4% en margir hækki meira. „Ég tel að það séu tækifæri í þessum samningi. Kostirnir eru í það minnsta fleiri en gallarnir,“ útskýrir hann.

Fjarnám henti lögreglu illa

Lögreglunám var fært inn í Háskólann á Akureyri haustið 2016. Um leið voru miklar breytingar gerðar á náminu. Fræðilegur þáttur þess er mun veigameiri en áður.

“Ég tel að það séu tækifæri í þessum samningi.”

Fjöltnir er hlynntur því að námið sé á háskólastigi en segir það illa ganga upp að lögreglunám sé að stórum hluta kennt í fjarnámi. „Ég hefði viljað sjá þetta nám þróast innan Menntaseturs lögreglunnar,“ segir hann. „Ég vil að lögreglunámið sé á háskólastigi en í mínum

huga ætti að vera sérstakur lögregluskóli sem einhver háskólanna kæmi að, eða ábyrgðist. Ég tel farsæla að lögreglan haldi utan um þetta sjálf. Það er mjög mikilvægt að lögreglumenn kenni sum fögin og sum einfaldlega verður að kenna í staðarnámi.“

Fjöltnir sem formaður

Nýr formaður tekur eins og áður segir við hjá Landssambandi lögreglumanna í vor. Ekki stendur á Fjölni þegar hann er spurður hvernig formaður hann vilji vera. „Ég vil vera ötull talsmaður lögreglumanna og virkur í samfélagslegri umræðu sem slíkur,“ svarar hann.

Duglegur að svara í símann

Hann segist vilja leggja áherslu á að bæta ímynd lögreglumanna út á við og segir hvítleitt að störf lögreglumanna rati aðeins í fréttir þegar ásakanir koma fram um harðræði þeirra í starfi. Lögreglan eigi erfitt með að svara fyrir sig, vegna þagnarskyldu. „En formaður landssambandsins getur svarað fyrir lögreglumenn sem einstaklinga og talað þeirra máli út á við,“ útskýrir Fjöltnir. Hann vill tala um aðbúnað þeirra, tryggingar og áskoranir sem þeir standa frammi fyrir á degi hverjum.

Hann bendir líka á að hlutverk formanns sé að koma að gerð kjarasamninga og réttindamála ýmiss konar. Hann býi að fagþekkingu sem muni nýtast í þeim verkefnum, verandi með bakgrunn úr félagsmálum. „Ég mun kappkosta að vera duglegur að svara í símann og tala við fólk. Sem starfandi lögreglumaður verð ég með puttann á púlsinum,“ segir hann að lokum.



VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Sprinkler pípulagnir ehf

Stál og stansar ehf
Stálbyggingar ehf
STEF Samband tónskálda og eigenda
Stjörnuegg hf
Stólpi
Styrja ehf
Suzuki á Íslandi
Sveinsbakarí
SVP-Samtök verslunar og þjónustu
Sögn ehf, Blueeyes Productions
Söluturninn Vikivaki
Tark - Arkitektar
TBG ehf
Teiknistofan Tröð ehf
Terra Export ehf
THG Arkitektar ehf
Tollvarðafélag Íslands
Tónastöðin ehf
Trévirki ehf
TRI, hjólræðaverslun
Tösku- og hanskabúðin ehf
Úðafoss ehf, efnalaug
Útfarþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf
Vagnar og þjónusta ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Velmerkt ehf
Vera Moda Kringlunni og Smáralind
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verkfærasalan ehf
Verslunin Vínberíð
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Við og Við sf
Vilberg kranaleiga ehf
Vitabar, veitingahús
VOOT Beita
Vottunarstofan Tún, vottun sjálfbærra náttúru nytja
Vörubílastöðin Þróttur hf
Wurth á Íslandi ehf
Þ.G. verktakar ehf
Þorsteinn Bergmann ehf
Þór hf
Ökuskólinn í Mjódd ehf
Örninn - hjól

SELTJARNARNES

Horn í horn ehf, parketlagner
Ljósmyndastofa Erlings

VOGAR

Nesbúegg ehf
Sveitarfélagið Vogar

KÓPAVOGUR

Alhliða pípulagnir sf
Arnardalur sf
Ásborg sif
Baader Ísland ehf
Bak Höfn ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Bílamarkaðurinn
Bílhúsið ehf
Bílstál ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Brunabótafélag Íslands
Elva Björk Sigurðardóttir, tannlæknir
Fríkirkjan Kefas
GG Sport
H. Hauksson ehf
H.M.lyftur ehf
Hefilverk ehf
Hitatækni ehf
Hringás ehf
Hvellur-G. Tómasson ehf
Höll ehf
Iðnaðarlausnir ehf
Init ehf
Íslenskt marfang ehf
Ísnes ehf, heildverslun
JS-hús ehf
Kraftvélar ehf
Lakkskemman ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lín design
Línan ehf
LK pípulagnir ehf
Loft og raftæki ehf
Lögmenn Kópavogi
Málarameistarar ehf
Ólafssynir ehf
Pústþjónusta Bjarkars ehf
RadioRaf ehf
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir
Rafport ehf
Rafvirkni ehf
Reykofninn ehf-www.reykofninn.is
Rubix Ísland ehf
Saumastofa Súsönnu
Skalli
Straumleiðir ehf
Svanur Ingimundarson máleri
Teledyne Gavia ehf
Tengi ehf
Tern Systems ehf
Topplagnir ehf
Vatnsborun ehf
Zenus - sófar & gluggatjöld

GARÐABÆR

66° Norður
Aþ-Þrif ehf
B.B.Þ. Verktakar ehf
Elektra ehf
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Hagrád ehf
Hannes Arnórsson ehf
Húsamálun ehf
Krókur
Loftorka Reykjavík ehf
PE pípulagnir ehf
Rafboði
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
Rafþjónustan sif
S.S. Gólf ehf
Samhentir-Kassagerð hf
Úranus ehf
Öryggisgirðingar ehf

HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf
Altis ehf
Ás, fasteignasala ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Bortækni ehf
Danco - Daniel Pétursson ehf
Donna ehf
Eiríkur og Einar Valur ehf
Enjo
Fíring ehf
Fjarðarmót ehf
Flúrlampar ehf
Fura málmendurvinnslan ehf
G.S. múrverk ehf
Geymsla Eitt ehf
Hafnarfjarðarhöfn
HB búðin
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
I.T. Iagnir ehf.
ihverslun.is
Ísfell ehf
Kjötökompaní ehf
Lögmenn Thorsplani sf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Naust Marín
Nonni Gull
Pylsubarinn Hafnarfirði
Rafgeymasalan ehf
Rúnir verktakar ehf
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Skerpa renniverkstæði
Smyril Line Ísland ehf
Stál og suða ehf
Stokkhyllur ehf
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf

Upprennandi
lögglumenn í
verklegrri þjálfun.

Aðsend grein:

Breytingar á lögglumennntun

Hugleiðingar um þróun náms frá inntöku nemenda og út starfsferilinn

Í júní næstkomandi verða liðin fimm ár síðan Mennta- og starfsþróunarsetur lögglu (MSL) var stofnað hjá embætti ríkislögglustjóra en starfsemin hófst reyndar ekki af fullum krafti fyrr en í janúar 2017 þegar við fengum húsnæði okkar að Krókhálsi. Hlutverk menntasetursins er einkum þríþætt: a) að annast starfsnáms lögglufræðanema; b) að bjóða upp á sér- og símenntunarnámskeið fyrir starfsfólk lögglu; og c) að annast alþjóðleg samskipti á sviði menntamála lögglu, m.a. samstarf við Evrópska löggluskólann (CEPOL), Norrænu löggluskólana (NORDCOP) og Landamærostofnun Evrópu (FRONTEX).

Háskólamenntun til starfsréttinda

Háskólinn á Akureyri (HA) var valinn af mennta- og menningarmálaráðherra í lok ágúst 2016 til að bjóða upp á nýtt lögglunám. Aðeins örfáum dögum síðar var fyrsta háskólanámið í lögglufræðum sett við HA með hátíðlegri athöfn. Verður það að teljast sannarlegt þrekvirki miðað við þennan stutta fyrirvara. Verkaskipting milli HA og Menntasetursins er sú að HA

sér um fræðilegt nám og Menntasetrið sér um verklega þjálfun ásamt því að hafa yfirumsjón með starfsþjálfun sem fer fram hjá löggluembættum landsins. Þróun námsins hefur verið ör síðastliðin ár og að mínu mati hefur stofnun ráðgjafahóps HA og Menntasetursins, sem stofnaður var í desember 2018 eftir að óskað hafði verið eftir fulltrúum löggluembættu, lögglufélaga og nemenda hjálpað til við þá þróun. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á vinnudögum á árinu 2019 en því miður voru engir fundir árið 2020 vegna Covid. Búast má við að það taki nokkur ár að ljúka þeirri vinnu sem er nú þegar hafin við að samþætta bóklegt og verklegt nám auk þess sem námskráin er í sífellndri þróun. Menntasetrið og HA eru sam-mála um að vísindalegar rannsóknir og afrakstur þeirra, þ.e. gagnreyndar aðferðir (evidence-based practice), séu leiðarljós framfara á sviði lögglufræða (police science). Með hugtakinu gagnreyndar aðferðir er verið að vísa til þess að stuðst er við aðferðir sem sýnt hefur verið fram á að virki, þ.e. að rannsóknargögn styðji við aðferðina. Því er ánægjulegt að sjá hversu

margir nemendur halda áfram í BA-nám í lögglu- og lögglufræðum og velja BA-verkefni sem miða að því að bæta við fyrri þekkingu okkar í lögglufræðum.

Árið 2011 skrifuðu Bandaríkjamáðurinn David Weisburd og Englendingurinn Peter Neyroud grein um hvernig hægt væri að byggja upp nýja fræðigreina, lögglufræði, sem myndi hafa í för með sér byltingarkenndar breytingar á þekkingu (paradigm shift). Árum saman hafði lögglufræði og fræðimennska haft litla sem enga tengingu. Nauðsynlegt væri, að þeirra mati, að á þessu yrði breyting. Löggluenninn bæri að hafa frumkvæði að öflun þekkingar með fræðilegum rannsóknum, einkum á tileknum fimm sviðum. Þessi svið eru 1) menntun og þjálfun; 2) stjórnun; 3) samband akademíu og lögglu; 4) þróun á starfsaðferðum og 5) hjárfesting í rannsóknum. Í þessum skrifum Weisburd og Neyroud er að finna tækifæri og hvatningu sem ég vona að efla löggluenningu þannig að hún styðji við öflun þekkingar á þeim mikilvægu sviðum sem að ofan greinir samhliða aukinni starfshæfni.

Mikill áhugi hefur verið á lögglu- ▶



Akureyriarbær



Lykill
fjármögnun



VIÐ ÓSKUM LÖGGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Teknis ehf
Terra - efnaeyðing
Terra ehf
ThorShip
Trefjar ehf
Trésmiðjan okkar ehf
Úthafsskip ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf
Vélsmiðjan Altak ehf
Vökvatæki ehf
Þaktak ehf
Þvottahúsið Faghreinsun

REYKJANESBÆR

Bílrúðubjónustan ehf
Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Eignamiðlun Suðurnesja
Ferðabjónusta Reykjanes ehf
Hjólbarðabjónusta Reykjanes
Hótel Keflavík ehf
Kast.is
Lögmannsstofa Reykjanes
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Plexigler ehf
Prentsmiðjan Staparent
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skólar ehf
Soho veislubjónusta
TM Bygg ehf
Verkfræðistofa Suðurnesja hf

GRINDAVÍK

Bakaríð Hérastubbur ehf
Stakkavík ehf
Veitingastofan Vör ehf
Vélsmiðja Grindavíkur ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabær
Verk- og tölvubjónustan ehf
Verslunarfélagið Ábót

MOSFELLSBÆR

Aleflí ehf byggingaverktakar
Á. Óskarsson og Co ehf
Álguggar JG ehf
Bókhaldsbjónustan Rúnir ehf
Fagverk verktakar sf

Gylfi Guðjónsson ökukennari, s: 6960042
Kjósarhreppur
Kopar & Zink ehf
Matfugl ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Rafís ehf
Smiðastofa Sigurðar R. Ólafs ehf
Spíssar ehf - stíflubjónusta
Stjórnugrís hf
Útilegumaðurinn ehf
ÞÓB vélaleiga ehf

AKRANES

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Framvinda ehf
Garðar Jónsson, málaramestari
Grastec ehf
Smurstöð Akraness sf
Valfell fasteignasala
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Viðar Einarsson ökukennsla ehf
Ylur pípulagnir slf

BORGARNES

Bílabær sf, bifreiðaverkstæði
Borgarverk
Golfklúbbur Borgarness
Háskólinn á Bifröst
Límtré Vímet ehf.
Nesafi sf
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf
Trésmiðja Pálma ehf Hálsaskóg Skorradal
Verkalýðsfélag Vesturlands

STYKKISHÓLMUR

Skipavík ehf

GRUNDARFJÖRÐUR

Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK

Ingibjörg ehf
Þríf og Þjónusta ehf

HELLISSANDUR

Kristinn J. Friðþjófsson ehf
Nónvarða ehf
Snæfellsbær

BÚÐARDALUR

Rafsel Búðardal ehf

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf

ÍSAFJÖRÐUR

Akstur og löndun ehf
Bílasmíðja S.G.B. ehf
Ís 47 ehf
Ísblikk ehf
Póllinn ehf
SMÁ vélaleigan
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf
Vestfjarðaleið ehf

BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Jakob Valgeir ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

PATREKSFJÖRÐUR

Bifreiðaverkstæðið Stormur ehf.
Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Oddi hf, fiskvinnsla-útgærð
Verslunin - bakaríð Albína

TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Tálknafjarðarhreppur
Þórsberg hf

STAÐUR

SG verkstæði ehf

BLÖNDUÓS

Glaðheimar sumarhús-opið allt árið
Húnavatnshreppur
Kjalfell ehf, s: 695 3363
Stéttarfélagið Samstaða

SAUÐÁRKRÓKUR

Dögun ehf
Efnalaug og Þvottahús
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
K-Tak ehf
Skagafjarðarveitur
Steyrustöð Skagafjarðar
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði

▼ fræðináminu og hefur fjöldi umsókna aukist úr u.þ.b. 120 í um 250 á nokkrum árum. Hlutverk Menntasetursins er að velja hæfustu umsækjendurna úr þessum stóra hópi í samstarfi við HA. Til að byrja með var inntökuferlið sambærilegt við það sem tíðkaðist hjá Lögregluskóla ríkisins fyrir utan að frammistaða í þremur námskeiðum fyrstu annar námsins vógu 60% af heildarmati. Matinu hefur verið breytt og vægi námskeiða minnkað. Næsta haust verður enn meiri breyting þegar starfsnám verður aukíð úr 24 í 30 ECTS-einingar og nær þá yfir öll fjögur misseri námsins en ekki bara síðustu þrjú eins og verið hefur. Umsækjendur munu því fara í gegnum allt inntökuferlið áður en þeir hefja nám við HA en ekki eftir fyrsta námsmisserið eins og verið hefur. Inntökuferlið verður í tveimur fösom eftir að búíð er að leggja mat á hvort umsækjendur uppfylli inntökuskilyrði háskólans og standist bakgrunnsskoðun. Í fyrri fasanum verða þrekpróf, frásagnarverkefni og sálfræðiverkefni. Í seinni fasanum verða viðtöl, samskiptaverkefni og sálfræðiverkefni. Í lokin fara þeir sem til stendur að bjóða pláss í starfsnámi í læknisskoðun. Aðkoma lögregluembættanna að inntökuferlinu hefur verið aukin, enda má segja að þau séu stærstu hagsmunaaðilarnir þar sem lögreglustjórnarnir annast ráðningar á útskrifuðum lögreglumönnum. Bæði lögreglumenn og sérfræðingar frá nokkrum lögregluembættum tóku viðtöl við umsækjendur í síðasta inntökuferli og stóðu sig afar vel í því hlutverki. Þá hefur viðtalsramminn verið endurskoðaður með aðkomu starfsfólks lögreglu og með fagþekkingu frá Eypóri Eðvarðssyni vinnusálfræðingi.

Próun menntunar lögreglufræðanema felur í sér fleiri áskoranir og er ein sú stærsta að koma því námsefni fyrir í námskrá sem til er ætlast í tveggja ára námi. Hliðstætt úrlausnarefni er vel þekkt á Norðurlöndunum þrátt fyrir að námið þar sé víðameira (180 ECTS-einingar í stað 120), a.m.k. í Noregi og Finnlandi. Þær kröfur sem samfélagið gerir til lögreglumanna í dag eru mun meiri en áður fyrr. Mikilvægt er að skilgreina kjarnaþætti starfsins og gera áætlun um hvaða



Úr lögreglunáminu. Meiðslin eru sviðsett.

þekkingu, færni og leikni diplómanemi í lögreglufræðum eigi að búa yfir við námslok. Einnig þarf að huga að því að gera áætlun um hvaða færniþætti þarf að þjálfá á fyrstu árum starfsferilsins. Ein leið til að lengja þjálfunartímabil fólks er að skilgreina fyrstu sex mánuðina í starfi eftir að diplómanámi lýkur sem starfsþjálfunartímabil þar sem viðkomandi starfar undir handleiðslu. Ekki væri því hægt að hljóta skipun í embætti fyrir en að slíku starfsþjálfunartímabili loknu. Slíkt fyrirkomulag þekkist í þjálfun heilbrigðisstarfsmanna og hefur það markmið að veita nýtskrifuðum einstaklingum stuðning. Ljóst er að fyrstu skref nýrra lögreglumanna eru mikilvæg og því þarf að huga að uppbyggingu þekkingar- og færnimóðels sem nær yfir allan starfsferilinn.

Uppbygging námsframboðs fyrir starfsfólk lögreglu

Þrátt fyrir að mikil orka hafi farið í að styðja við nýtt lögreglufræðinámið á háskólastigi á fyrstu stigum þess hefur Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu unnið af krafti síðastliðin fjögur ár við að bjóða upp á bæði styttri námskeið og lengra nám fyrir starfsfólk lögreglu. Frá

byrjun árs 2017 jókst námsframboð jafnt og þétt og á árunum 2018 og 2019 voru alla jafna á milli 50 og 60 viðburðir á ári hverju og sóttu þá á milli 1.200 og 1.400 þátttakendur. Námsframboð með lengri námslínunum hefur aukist en fyrst var lögð áhersla á grunnnám í rannsóknnum sakamála og stjórnun lögreglurannsóknna. Síðan hafa bæst við sérnámslínurnar rannsóknir kynferðisbrota, varðstjórnánám og nú í ár verður heildstætt landamæranám að veruleika. Þessar námsleiðir eru skipulagðar sem fjarnám með staðlotum fyrir verklega þjálfun og veitir allt námið einingar á háskólastigi þar sem umgjörð og kröfur námsins standast gæðaviðmið háskólasamfélagsins. Þessi þróun stuðlar að auknum gæðum í því námi sem boðið er upp á og er mikilvæg þeim lögreglumönnum sem vilja nýta einingarnar til BA-prófs í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri.

Starfsemi Menntasetursins skapar vettvang fyrir miðlun þekkingar og treystir því á góðvild lögregluembætta að veita því aðgang að sérfræðingum sínum. Mannauður lögreglunnar er talsverður og þar er mikill vilji til að gera vel. Það eru þó ekki aðeins innlendir sérfræðingar sem hafa

lagt okkur lið því talsvert er af erlendum sérfræðingum sem lagt hafa leið sína til Íslands til að miðla gagnreyndum aðferðum. Jafnvel á meðan Covid-ástandið hefur varað hafa þeir erlendir sérfræðingar komið að lengra námi í skýrslutökum af sakborningum, rannsóknnum kynferðisbrota og skýrslutökum af brotaþolum í viðkvæmri stöðu. Með því að nýta tæknina og með auknum vilja leiðbeinenda til að prófa rafrænar útfærslur hafa til að mynda námskeið í skýrslutökum verið haldin rafrænt. Það er því ljóst að menntun og þjálfun mun taka einhverjum breytingum inn í framtíðina þótt við höfum ekki alveg sagt skilið við færniþætti staðlotur.

Í löggæsluáætlun 2019-2023 er sett fram sú framtíðarsýn að lögreglan eigi að búa yfir vel menntuðu, þjálfuðu og samhæfðu lögreglulíði sem gegni löggæsluhlutverki sínu í þágu samfélagsins. Tryggja þarf vönduð vinnubrögð lögreglu í samskiptum við almenning, einkum m.t.t. til hópa í viðkvæmri stöðu. Þá eru skilgreindir sérstakir áhersluflokkar hvað fræðsla varðar: 1) mansal; 2) hatursglæpir; 3) tölvu- og netglæpir (e. cyber crime); 4) nám í landamæravörslu. Áherslur Menntasetursins verða því á þessum sviðum næstu ár samhliða öðrum áherslum sem lögregluembættin telja að þurfa þyki.

Þá vil ég gjarnan vekja athygli ykkar á vefryrirlæstrum á vegum CEPOL nú þegar staðbundin námskeið eru ekki í boði sökum Covid. Áhugasamir geta sótt um aðgang að fræðsluneti CEPOL á vef þeirra (sjá tengil á vef Menntasetursins, menntaseturlogreglu.is).

Framtíðarsýn

Ljóst er að á þessu ári þarf að fara fram nánari þarfagreiningu á starfspróun starfsmanna lögreglu þannig að hægt verði að móta framtíðarstefnu fyrir sí- og endurmenntun. Tækifæri hafa skapast með nýjum stofnanasamningum til að skilgreina þá sérmenntun sem þarf fyrir hvern starfaflokk. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur með höndum kortlagningu og framsetningu mats á persónubundnum þáttum vegna viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi eða sí- og endurmenntun í kjölfar nýs stofnanasamnings. Heildstæð

stefnumörkun er varðar sí- og endurmenntun lögreglumanna mun svo liggja fyrir um mitt ár 2022.

Almennt gildir að háskólamenntaðar fagstéttir bera ábyrgð á eigin starfspróun og tækifæri til þekkingaröflunar hafa aldrei verið fleiri. Menntun fer ekki aðeins fram í formlegu námi. Áður fyrr var aðgengi að þekkingu innan skólabygginga og á bókasöfnum. Stærstu þekkingarveiturnar í dag eru rafrænar. Lærdómssamfélög geta tekið á sig ýmsar myndir og nalgast má þekkingu á veraldarvefnum, s.s. Ted talks, EdX, wiki. Námsamfélög geta því verið drifin áfram af áhuga hvers og eins og þetta kallar á mikla sjálfsskoðun á hugmyndum okkar um hvernig við lærum í framtíðinni. Hugmyndir okkar um nám hafa mótast mjög af okkar eigin reynslu af því sem hefur gagnast okkur í þeim efnum. Kennsluáferðir hafa hins

vegar þróast og því er eðlilegt að óvissa og óöryggi geri vart við sig um hvernig best sé að miðla þekkingu og tryggja að hæfni viðmiðum sé náð. Símenntun starfsfólks lögreglu mun að minnu mati fara í auknum mæli fram með gagnvirku námi á vefnum með þjálfunarlotum þar sem færni er kennd og hún síðan yfirfærð á starfið. Starfsfólk lögreglu mun ekki eingöngu vera þiggjendur fræðslu, heldur þátttakendur í uppbyggingu þekkingar í gegnum rafrænt bókasafn, wiki-síður og með umræðum. Mín von er sú að við tökum öll virkan þátt í þessum breytingum og mætum þeim með jákvæðni, lausnamiðaðri nálgun og vilja til sköpunar að vopni.

Ólafur Örn Bragason,
forstöðumaður Mennta- og
starfspróunarseturs lögreglu



Við erum á Facebook og Instagram/Augljós

LASER AUGNAÐGERÐIR

Nærsýni - Fjarsýni - Sjónskekkja



AUGLJÓS

LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík
Sími 414 7000 • ritari@augljós.is • www.augljós.is



Opin Kerfi



Orlofshús LL sumarið 2021

Venju samkvæmt stendur lögreglumönnum á eftirlaunum til boða að sækja um dvöl í orlofshúsum félagsins í fjórar vikur í upphafi orlofstímans, þeim að kostnaðarlausu.

Tímabilið þetta árið er frá 14. maí til 11. júní en opið verður fyrir umsóknir um þessar vikur frá 10. til 24. mars. Eftir sem áður verður úthlutað eftir punktafjölda sem félagsmaður hefur áunnið sér á starfsferlinum.

Opnað verður fyrir almenna sumarút-

hlutun 26. mars en hægt er að sækja um til 12. apríl. Tímabilið sem hægt verður að sækja um er frá 11. júní til 27. ágúst.

Verð er óbreytt frá síðasta ári. Vikan kostar 28 þúsund krónur í orlofshúsunum.

Hér fyrir neðan eru tíundaðar þær eignir sem standa félagsmönnum til boða í sumar. Athugið að íbúðin í Reykjavík og húsið á Eiðum verða í dagleigu. Þar verður opnað fyrir pantanir 1. maí og gildir reglan; fyrstur kemur, fyrstur fær.

Við hvetjum félagsmenn til að ganga

vel um húsin og skilja við þau eins og þeir myndu sjálfir vilja koma að. Enginn umsónarmaður tekur út ástand húsanna eftir dvölinu.

Að lokum skal minnt á að hægt er að kaupa Útileigukortið á niðurgreiddu verði hjá félaginu. Það kostar 7.000 krónur. Veidikortið er líka niðurgreitt og selst á 3.000 krónur. Nánari upplýsingar um orlofshúsin, niðurgreiddar ferðaávisanir og gjafabréf má finna á á Orlofsvefnum; orlof.is/ll.

Geysir í Haukadalei

Bústaðurinn var tekinn í notkun 2007 og er um 130 fermetrar. Neðri hæð hússins er 78,2 fermetrar en efri hæðin er 56,6 fermetrar. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með 6-7 rúmstæðum auk svefnloftsins. Í húsinu er búnaður fyrir allt að 12 manns. Stór verönd er við þrjár hliðar hússins ásamt heitum potti. Golfvöllur er í næsta nágrenni og frábær útivistarsvæði allt um kring. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín á rúmin, handklæði, diskapurrkur, klúta, salernispappír og þess háttar. Athugið að gas fæst í Bjarnabúð (skrifast hjá LL, kt. 540574-0149) en aukakúturinn á alltaf að vera fullur. Enginn sorphirða er á svæðinu svo öllu rusli skal komið í gáma í Reykholti.



Galtaflöt, Flúðir

HÚS NR. 12

Húsið er með þremur svefnherbergjum, tveimur með tvíbreiðum rúmum og einu með kojurúmi þar sem neðri kójan er 140 cm á breidd. Búnaður er í húsinu fyrir 8 manns. Stór pallur og heitur pottur er við húsið auk þess sem það er búð þvottavél og þurrkara.



Munaðarnes við Stekkjarhól

HÚS NR. 68 OG 69

Húsin voru endurbýggð 2019 og 2020 og eru í glæsilegu ásigkomulagi. Þrjú svefnherbergi eru í húsunum; tvö með tvíbreiðum rúmum og eitt með tveimur einbreiðum rúmum. Búnaður er fyrir átta manns í húsunum. Stór pallur er við húsin og heitur pottur. Þvottavél og þurrkari eru á staðnum. Húsunum fylgir golfkort á golfvöllinum Slakka.



Akureyri, Hamratún

HÚS NR. 32

Orlofsíbúð LL við Hamratún á Akureyri er á efri hæð í keðjuhúsalengju. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, góð stofa, stórt eldhús, baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús með þvottavél og þurrkara og ágæt geymsla. Tvö herbergjanna eru með tvíbreiðum rúmum og eitt með kojurúmi og einu stöku rúmi. Búnaður er fyrir átta í íbúðinni.

Hátún, Reykjavík

HÚS NR. 4 - ÞRIÐJA HÆÐ

Íbúðin í Hátúni er þriggja herbergja íbúð á góðum stað. Hjónaherbergi með barnarúmi er í íbúðinni auk barnaherbergis með tveimur rúmum. Þessu til viðbótar eru dýnur í íbúðinni. Svefnbúnaður er til staðar fyrir sex. Hægt er að leigja sængurfatnað fyrir þúsund krónur á mann. Lyklar eru afhentir í samráði við skrifstofu LL.

(Dagleiga frá 1. maí)



Eiðar, Fljótsdalshéraði

HÚS NR. 9

Húsið á Eiðum í Fljótsdalshéraði var tekið í gegn 2019, málað að innan og skipt um eldhús og gólfefni. Húsið er með þremur svefnherbergjum sem hafa svefnaðstöðu fyrir sex, auk tveggja aukadýna. Lyklabox er utan á húsinu en hafa þarf sængurfatnað, handklæði, tuskur og salernispappír meðferðis þegar komið er í húsið. Húsinu fylgir árabátur til að róa út á vatnið.

(Dagleiga frá 1. maí)





Tilprif á OldBoys á Akureyri

Landsmót lögreglumanna í knattspyrnu, OldBoys, var haldið á Akureyri dagana 27.-28. september 2019. Sá merkilegi áfangi var á þessu móti að í fyrsta skipti var mótið haldið innandyra á gervigrasi. Mótið fór fram í knattspyrnuhöllinni Boganum á Akureyri. Íþróttafélag lögreglunnar á Akureyri hefur haldið utan um þetta mót í nokkur ár og eftir eitt mótið kom upp sú umræða hvort prófa ætti gervigrasið. Vinna fór fram á þingi ÍSL við að samþykka þessar breytingar. Ljóst var mótið yrði dýrara í framkvæmd en ákveðið að kyla á að prófa þetta.

Farið var í þá vinnu að finna hentugan tíma fyrir mótið en knattspyrnuhöllin Boginn er þéttsetin á veturna. Dagsetningin var valin m.a. út frá því að frí er á fótboltaæfingum hjá stærstu knattspyrnufélagunum á Akureyri á þessum tíma. Því höfðum við höllina út af fyrir okkur á þessum tíma. Völlurinn var settur upp á sem þægilegastan máta miðað við Old-

Boys-mót, t.d. ekki of stór, og fylgt eftir þeim reglum sem við áttu en nýjar reglur voru samþykktar af ÍSL fyrir gervigras. Leitast var við að hafa völinn þétt við áhorfendapalla sem eru meðfram völinum til að halda í stemninguna sem myndast við hefðbundið fyrirkomulag á þessum mótum. Það þótti takast nokkuð vel. Að þessu sinni mættu fjórir dómarmen til leiks og var dómgæslan með besta móti.

Fimm lið mættu til leiks; RLS, Suðurnes/Vestfirðir, Norðurland, LRH og Vesturland. Leikin var einföld umferð þar sem hvert lið spilaði fjóra leiki, tvo á föstudegi og tvo á laugardegi. Eitthvað var um að lið sæktu um undanþágur vegna leikmanna sem hafa ekki alveg náð 35 ára aldri. Slíkt var borið upp við ÍSL og undanþágurnar fengust samþykktar. Mestu máli skipti að koma saman og halda gott mót.

Fjölmarginir hörkuleikir fóru fram á þessu móti og fjöldinn allur af tilprifum

leit dagsins ljós. Mörk voru skorud í öllum regnbogans litum. LRH setti tóninn með hörkumarki í byrjun. Fyrsta markið á innanhúsmóti OldBoys á gervigrasi skoraði Jón Gunnar Sigurgeirsson sem spilaði sem markmaður. Jónatan Guðbrandsson í liðinu Suðurnes/Vestfirðir tryggði sér markakóngstítillinn í lokaleiknum, en hann skoraði 12 mörk á mótinu og þar af 8 í lokaleiknum gegn Vesturlandi. Alls voru skorud 85 mörk á mótinu.

Besti maður mótsins var kosinn Guðmundur Ragnar Frímánn Vignisson en hann spilaði í markinu hjá Norðurlandi. Það er í fyrsta skipti sem markmaður hlýtur þann titil enda í fyrsta skipti þar sem sérstakur markmaður er í liðinu.

RLS tryggði sér sigur á mótinu eftir hörkubaráttu við Suðurnes/Vestfirði. RLS endaði með 7 stig en Suðurnes/Vestfirðir 5 stig og gestgjafarnir á Norðurlandi enduðu í þriðja með 5 stig.

Haraldur Hringsson

Holukeppni ÍSL 2019

Tuttugu kylfingar skráðu sig upphaflega til keppni og þurfti fjóra leiki í undankeppni áður en til 16 manna úrslita kom. Á Suðvesturlandi kepptu Þórir Björgvinsson og Jón Þór Eyþórsson, þar sem Þórir sigraði 7-5. Guðbrandur Hansson og Guðmundur Hjörvar Jónsson kepptu einnig. Guðmundur sigraði 6-4. Kristján Fr. Geirsson sigraði Róbert Sigurðarson því Róbert gaf leikinn. Á Norðurlandi kepptu Valur Magnússon og Kristján Kristjánsson. Kristján hafði betur, 1-0.

16-manna úrslit:

- Egill Egilsson og Hinrik Konráðsson. Hinrik gaf leikinn.
- Páll Theodórsson og Friðrik K. Jónsson. Páll sigraði 6-5.
- Guðmundur Hjörvar Jónsson og Ásbjörn Stefánsson. Ásbjörn sigraði 6-5.
- Kristján Fr. Geirsson og Þórir Björgvinsson. Þórir sigraði 3-2.
- Trausti Freyr Jónsson og Sveinn Ægir Árnason. Trausti sigraði 4-3.
- Jóhannes Harðarson og Óskar Halldórsson. Jóhannes sigraði 5-4.
- Karl Ingi Vilbergsson og Sigurbjörn Þorgeirsson. Sigurbjörn sigraði 1-0.
- Ólafur Hjörtur Ólafsson og Kristján Kristjánsson. Kristján sigraði 3-2.

8 manna úrslit:

- Þórir Björgvinsson og Trausti Freyr Jónsson. Trausti sigraði 5-4.
- Páll Theodórsson og Kristján Kristjánsson. Kristján gaf leikinn.
- Egill Egilsson og Sigurbjörn Þorgeirsson. Sigurbjörn sigraði 3-2.
- Jóhannes Harðarson og Ásbjörn Stefánsson. Jóhannes sigraði 4-3.
- Undanúrslit og úrslit fóru fram á



Sigurbjörn Þorgeirsson.

Urriðavelli í Heiðmörk mánudaginn 23. september 2019. Þegar hér var komið sögu stóðu fjórir eftir, þeir Jóhannes Harðarson, Páll Theodórsson, Sigurbjörn Þorgeirsson og Trausti Freyr Jónsson. Á staðnum var dregið um það hverjir myndu leika saman í undanúrslitum og kom eftirfarandi staða upp: Sigurbjörn Þorgeirsson og Trausti Freyr Jónsson léku annars vegar og hafði Sigurbjörn betur, 3-2. Í hinu undanúrslitaeviginu léku Jóhannes og Páll. Páll hafði betur 2-1. Hefð er fyrir því að ÍSL býður keppendum

upp á hádegismat á milli undanúrslita og úrslita um sæti. Það var því snæddur hádegisverður í golfskálanum.


Leikur um þriðja sæti

- Trausti Freyr Jónsson og Jóhannes Harðarson. Trausti sigraði 3-2.

Úrslitaleikurinn

- Sigurbjörn Þorgeirsson og Páll Theodórsson. Sigurbjörn sigraði 3-2 og varð því Holumeistari ÍSL 2019.

Óskar Bjartmarz



Fimm frækin hlupu í Óðinsvéum

Norðurlandamót lögreglumanna í maraþoni 2019 fór fram í Danmöku

Annað Norðurlandamót lögreglumanna í maraþoni var haldið í Óðinsvéum þann 29. september 2019. Íþróttasamband lögreglumanna sendi fjóra þátttakendur til mótsins, þau Birgir Mía Vigfússon, Hálfván Daðason, Lárus Gohar Kazmi og Lindu B. Thorberg Þórðardóttir. Auk þess tók kollegi okkar Guðmundur Andrés Jónsson þátt í mótnu á eigin vegum og var með í för.

Norðurlandamótið var haldið í samstarfi við Óðinsvé-marathon þar sem þátttakendur voru tæplega 6 þúsund í heildina. Keppur var í nokkrum mismunandi vegalengdum, heilu og hálfu maraþoni, 10 km og mini maraþoni sem er 4,2 km. Tæplega 1.300 manns tóku þátt í heilu maraþoni, þar af voru 38 lögreglumenn sem tóku þátt í Norðurlandamóti lögreglumanna, 15 konur og 23 karlar.

Fyrsta Norðurlandamót lögreglumanna í maraþoni var haldið í Reykjavík í ágúst 2015, í samstarfi við Reykjavíkumaraþon. Í því móti tók 31 lögreglumaður þátt, þar af fimm íslenskir. Mótið í Óðinsvéum var annað í röðinni og það þriðja í röðinni verður haldið að fjórum árum liðnum árið 2023, líklega í Noregi eða Eistlandi sem nýlega gekk inn í Norðurlandasamstarf lögregluþróta.

Íslenskir lögreglumenn hafa því tekið þátt í fjórum maraþonmótum á vegum ÍSL, Evrópumótunum í Graz 2014 og Dublin 2018, sem var 7. Evrópumótið og Norðurlandamótunum í Reykjavík 2015 og í Óðinsvéum nú þann 29. september 2019.

Undirbúningur ÍSL fyrir Norðurlandamótið í maraþoni hófst í byrjun ferbrúar þegar kannaður var áhugi á meðal lögreglumanna. Alls lýstu ellefu lögreglumenn áhuga sínum á að taka þátt í undirbúningi fyrir þetta hlaup en af þeim heltust fimm úr lestinni af ýmsum ástæðum. Markmið stjórnar ÍSL var að senda tvær konur og tvo karla til mótsins. Við undirbúning fyrir hlaupið nutu þátttakendur liðsinnis Friðleifs Friðleifssonar, sem m.a. þjálfar hlaupahóp FH, en hann aðstoðaði einnig við undirbúning fyrir maraþonið í Dublin 2018.

Upphaflega átti mótið að fara fram í Turku í Finnlandi þann 17. ágúst en tilkynning barst frá Finnum í lok mars þess efnis að þeir hefðu þurft að hætta við mótshaldið og því leit út fyrir að ekkert yrði af mótnu



Frá vinstri: Linda B. Thorberg Þórðardóttir, Guðmundur Andrés Jónsson, Birgir Mía Vigfússon, Hálfván Daðason og Lárus Gohar Kazmi.

þetta árið. Danir ákváðu síðan í lok maí að halda þetta Norðurlandamót í samstarfi við Óðinsvé maraþon. Undirbúningur, sem hafði þá legið niðri um hríð, fór þá á fullt að nýju. Við val á þátttakendum voru sett lágmark og væntanlegir þátttakendur tóku þátt í nokkrum almenningshlaupum og giltu að lokum bestu tímar, sem allir voru undir settum lágmarkum.

Hópurinn flaug til Billund föstudaginn 27. september og kom til Óðinsvéa seint að kvöldi þess dags. Hvílt var á laugardegnum en maraþonið hófst á sunnudagsmorguninn klukkan 10. Lagt var af stað frá hótelinu um klukkan 9 en það var aðeins um 10 mínútna akstur með almenningsvagni að startsvæðinu. Þegar þangað var komið máttum við standa í biðröð í rúman hálf tíma til að koma af okkur þokum með æfingagöllum og ýmsum persónulegum hlutum í geymslu, sem hingað til hefur verið hægt að afhenta umsjónarmönnum mótanna. Danir höfðu annan háttinn á. Þessi tilhögun varð til þess að sumir keppendur rétt náðu á upphafsstað áður en hlaupið hófst og náðu því ekki að hita upp fyrir hlaupið, sem olli miklum erfiðleikum í hlaupinu.

Aðstæður til hlaupsins voru mjög góðar og veðrið eins og best verður á kosíð, litill sem enginn vindur, skýjað og hiti um 10 til 12 gráður þegar hlaupið hófst en meðan á hlaupinu stóð gekk á með miklum rigningsarkúrum þannig að keppendur blotnuðu hraustlega annað slagið. Hlaupið

hjá okkar þátttakendum gekk misjafnlega, sumir þurftu að glíma við einhver vanda-mál svo sem magakveisu, eymsli í ökkla, hásin, hné og mjöðm eins og gengur þegar hlaupið er svona langa vegalengd. Aðrir sluppu sem betur fer við slík vandamál og gekk þeim mjög vel í hlaupinu eins og sjá má á tímunum hér að neðan.

Daninn Thorkild Sundstrup vann Norðurlandamótið á tímanum 2:27:22 og fyrsta konan var Kaisa Kukk frá Eistlandi á tímanum 2:49:14.

Thorkild var í níunda sæti allra þeirra sem tóku þátt í Óðinsvéa-marathoninu, en í fyrstu fimm sætunum voru Eþíópíu- og Keníamenn, síðan þrír Danir og þá Thorkild. Kaisa var 5. konan í mark en á undan henni var ein kona frá Kenía og þrjár frá Eþíópíu.

Tímar íslensku þátttakendanna í Óðinsvéum voru eftirfarandi:

Birgir Mía - 3:02:45
Lárus Gohar Kazmi - 3:42:01
Linda B. Thorberg - 3:54:38
Guðmundur Andrés - 4:21:23
Hálfván - 4:23:34

Fyrir hönd ÍSL þakka ég þeim Birgi Mía, Lárusi Gohar Kazmi, Lindu B. Thorberg og Guðmundi Andrésí fyrir góða samferð og þátttökuna og Friðleifi Friðleifssyni fyrir aðstoðina við undirbúninginn.


Hálfván Daðason



Öruggera spjall

Í Öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu



Efri röð talið frá vinstri: Birna Blöndal Sveinsdóttir, Hildur Kristín Þorvarðardóttir, Þóra Björk Þorvaldsdóttir, Sandra Hrönn Arnardóttir, Sigurður Kári Guðnason, Atli Barðason, Franz Jónas Arnarsson og Guðjón Smári Guðmundsson. Neðri röð frá vinstri Finnur Kristjánsson, Hreiðar Zoega Óskarsson, Anna Kara Eiríksdóttir og Ragnhildur Oddný Loftsdóttir.



Lögguhreysti CF Throwdown 2019

CF Throwdown-mót ÍSL fór fram 30. nóvember 2019 og fór það fram í Sporthúsinu í Kópavogi. Mótið var fámennnt en góðmennt; þrjú lið voru í hvorum flokki, karla og kvenna.

Keppendur voru:

- Anna Kara Eiríksdóttir og Ragnhildur Oddný Loftsdóttir, LRH.
- Birna Blöndal Sveinsdóttir og Hildur Kristín Þorvarðardóttir, LRH.
- Sandra Hrönn Arnardóttir og Þóra Björk Þorgeirsdóttir, LRH.
- Atli Barðason og Sigurður Kári Guðnason, LSS.
- Finnur Kristjánsson og Guðjón Smári Guðmundsson, LRH.
- Franz Jónas Arnarsson og Hreiðar Örn Zoega Óskarsson, LRH.

Á mótinu var keppt í þremur greinum. Í fyrstu grein fengu keppendur 8 mínútur til að finna hámarksþyngd í 2x front squat. Í kvennaflokki sigruðu Anna Kara og Ragnhildur. Í karlaflokki sigruðu þeir Finnur og Guðjón.

Önnur greinin var 1,5 mín. ON/1,5 mín. OFF, Buy-in 12/9kcal og max rep deadlift út tímann 80/60kg. Þessi grein sló í gegn hjá keppendum. Í kvennaflokki sigruðu þær Sandra og Þóra. Í karlaflokki sigruðu þeir Finnur og Guðjón.

Þriðja greinin var síðan langur chipper. Þessa grein í kvennaflokki sigruðu þær Sandra og Þóra. Í karlaflokki sigruðu þeir Atli og Sigurður.

Rétt er að taka fram að sigur í grein gaf 1 stig, annað sæti gaf 2 stig og þriðja sæti gaf 3 stig.

Úrslit mótsins

Kvennaflokkur:

- Sandra Hrönn Arnardóttir og Þóra Björk Þorgeirsdóttir með 4 stig.
- Anna Kara Eiríksdóttir og Ragnhildur Oddný Loftsdóttir með 6 stig.
- Birna Blöndal Sveinsdóttir og Hildur Kristín Þorvarðardóttir, 8 stig.

Karlaflokkur:

- Finnur Kristjánsson og Guðjón Smári Guðmundsson, 4 stig.
- Atli Barðason og Sigurður Kári Guðnason, 5 stig.
- Franz Jónas Arnarsson og Hreiðar Zoega Óskarsson, 9 stig.

Halldór Björn Malmberg



VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

AKUREYRI

- ÁK smíði ehf
- Ásco ehf, bílarafmagn
- Bifreiðastöð Oddeyrar ehf
- Bílapartasalan Austurhlíð
- Bílasala Akureyrar ehf
- Blikkrás ehf
- Dekkjahöllin
- Finnur ehf
- Garðyrkjustöðin Brúnauga
- Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is
- Hnýfill ehf
- Íslensk verðbréf hf
- Keahótel ehf
- Kjarnafæði hf
- Kraftbílar ehf
- Ljósko ehf
- Meðferðarheimilið Laugalandi
- Múrið ehf
- Norðlenska ehf
- Oddsmyri ehf
- Rakara- og hárstofan Kaupangi
- Samvirkni ehf
- Sjómannablaðið Víkingur
- Sjúkrahúsið á Akureyri
- Steypusögun Norðurlands ehf
- Straumrás hf
- Svalbarðsstrandarhreppur
- Vélaleiga HB ehf

GREINIVÍK

- Jónsabúð ehf
- Sparisjóður Höfðhverfinga

DALVÍK

- EB ehf
- Klaufi ehf
- Steypustöðin Dalvík ehf

ÓLAFSFJÖRÐUR

- Norlandia ehf
- Skiltagerð Norðurlands ehf

HÚSAVÍK

- E G Jónasson rafmagnsverkstæði
- Faglausn ehf
- Jarðverk ehf
- Steinsteypir ehf
- Tjörmeshreppur
- Trésmiðjan Rein ehf
- Vélaverkstæðið Árteigi

KÓPASKER

- Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófestsdæmi

ÞÓRSHÖFN

- B.J. vinnuvélar ehf

VOPNAFJÖRÐUR

- Sigríður Brynjólfsdóttir
- Vopnafjarðarhreppur

EGILSSTAÐIR

- Austfjarðaflutningar ehf
- Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
- Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstaðir
- Héraðsprent ehf
- Vaðall - Gistiheimili á hreindýraslóðum
- Ökuskóli Austurlands sf

REYÐARFJÖRÐUR

- AFL - Starfsgreinafélag
- Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Hárstofa Sigríðar ehf
- Tærgesen, veitinga- og gistihús

ESKIFJÖRÐUR

- Egersund Ísland ehf

NESKAUPSTAÐUR

- Haki ehf verkstæði
- Síldarvinnslan hf

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

- Loðnurvinnslan hf
- Vöggur ehf

HÖFN Í HORNAFIRÐI

- Rósaberg ehf
- Sveitafélagið Hornafjörður
- Þingvað ehf, byggingaverktakar
- Þrastarhóll ehf

ÖRÆFI

- Ferðapjónustan Svínafelli-www.svinafell.is

SELFOSS

- Baldvin og Þorvaldur ehf
- Bílapjónusta Péturs ehf
- Bjarnabúð
- BR flutningar ehf, s. 662 1110
- Búhnykkur sf
- Eðalbyggingar ehf
- Flóahreppur
- Fossvélar ehf
- Jeppasmiðjan ehf
- K.Þ Verktakar ehf
- Kökugerð H P ehf
- Lögmenn Suðurlandi ehf
- Málarinn Selfossi ehf
- Mjólnir, vörubílstjórastofa

- Mömmumatur Selfossi
- Pípulagnir Helga ehf
- Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
- Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf
- Reykhóll ehf
- Stálkrókur ehf
- Umboðssalan Art ehf
- Vélapjónusta Ingvars
- Vélsmiðja Suðurlands ehf
- X5 ehf

HVERAGERÐI

- Almar Bakari
- Hverablóm ehf blóma- og gjafavörverslun
- Raftaug ehf

ÞORLÁKSHÖFN

- Járkarlinn ehf
- Sveitarfélagið Ölfus

ÖLFUS

- Garpar ehf

FLÚÐIR

- Flúðasveppir ehf
- Kaffi-Sel ehf
- Hella
- Freyðing ehf

HVOLSVÖLLUR

- Ferðapjónusta bænda Stóru-Mörk

VÍK

- RafSuð ehf

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

- Skaftárhreppur

VESTMANNAEYJAR

- Bragginn sf, bílaverkstæði
- Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
- Íþróttabandalag Vestmannaeyja
- Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
- Miðstöðin ehf
- Ós ehf
- Skipalyftan ehf
- Suðurprófestsdæmi

Frá vinstri:
Trausti
Jónsson,
Sigurbjörn
Þorgeirsson,
Hinrik Kon-
ráðsson og
Guðbrandur
Hansson.



Sigraði í Holukeppni ÍSL þriðja mótið í röð

Holukeppni ÍSL 2020 fór fram á Urriðavelli í Heiðmörk

Undanúrslit og úrslitaleikur fóru fram á Urriðavelli í Heiðmörk 8. september. Það voru 20 sem tilkynntu þátttöku í keppninni en til undanúrslita léku þeir Guðbrandur Hansson, Hinrik Konráðsson, Sigurbjörn Þorgeirsson og Trausti Freyr Jónsson.

Dregið var um það á staðnum hverjir léku saman. Guðbrandur og Sigurbjörn mættust annars vegar en Hinrik og Trausti Freyr hins vegar. Sigurbjörn vann Guðbrand 3-0 en Trausti vann Hinrik 2-0.

Guðbrandur lagði Hinrik 6-5 í leiknum um þriðja sætið áður en Sigurbjörn og Trausti Freyr léku til úrslita. Svo fór að Sigurbjörn sigraði 5-4 og varð þar með Holumeistari ÍSL 2020.

Þess má geta að þetta er í fjórða skipti sem Sigurbjörn verður Holumeistari ÍSL. Hann hefur sigrað á síðustu þremur mótum.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig leikar fóru á fyrri stigum keppinnar:

8-manna úrslit

Róbert Sigurðarson – Guðbrandur Hansson: Guðbrandur vann 2-0
Hinrik Konráðsson – Egill Egilsson: Hinrik vann 1-0
Trausti Freyr Jónsson – Halldór Björn Malmberg: Trausti vann 5-4
Karl Ingi Vilbergsson – Sigurbjörn Þorgeirsson: Karl Ingi gaf leikinn

16-manna úrslit

Þórir Björgvinsson LV – Sigurbjörn Þorgeirsson LNA: Sigurbjörn vann 1-0
Karl Ingi Vilbergsson – Gunnar Ingi Þorsteinsson: Karl Ingi vann 2-0
Óskar Halldórsson LSS – Halldór Björn Malmberg LRH: Óskar gaf leikinn
Sigurður Pétursson LRH – Róbert

Sigurðarson LSS: Róbert vann 2-0
Trausti Freyr Jónsson LV – Pétur Björnsson LNV: Pétur gaf leikinn
Guðbrandur Hansson LRH – Páll Theodórsson LRH: Guðbrandur vann 2-0
Hinrik Konráðsson LV – Arnar Geir Magnússon LV: Hinrik vann 1-0
Sveinn Ægir Árnason RLS – Egill Egilsson RLS: Egill vann 2-0

Undankeppni

Bjarki Rúnar Skarphéðinsson LRH – Gunnar Ingi Þorsteinsson LSS: Gunnar Ingi vann 3-2
Ragnar Svanur Þórðarson Hersak – Arnar Geir Magnússon LV: Ragnar gaf leikinn
Kristján Fr. Geirsson LSS – Halldór Björn Malmberg LRH: Halldór áfram (dregið)
Kristján Kristjánsson LNA – Pétur Björnsson LNV: Kristján gaf leikinn
Óskar Bjartmarz



Mótalisti 2021

Landsmót:

Holukeppni í golfi

Golf

Innanhússknattspyrna

Öldungamót í innanhússknattsp.

Skotfimi

Lögguhreysti CF Throwdown

Umsjón/mótsstaður

Golfnefnd ÍSL

LRH

Vesturland

Akureyri

Skotnefnd ÍSL

Lögguhreystinefnd ÍSL

Dags.

Júní/Ágúst

Júlí/Ágúst

September

Október

Október

Nóvember

Norðurlandamót:

Skotfimi

Blak

Rattleikni

Reykjavík


Noregur

Svíþjóð

16. – 20. september

Evrópumót - óvíst um mótahald

Þegar þessi listi er gerður í febrúar er alls óvíst um mótahald lögreglumanna hvort sem það er á landsvísi eða Norðurlanda- eða Evrópumót vegna COVID-19. Á þessum tímamarki er rætt um að Norðurlanda- og Evrópumót 2021 færist yfir á 2022 en þó er þetta ekki klárt. Mótahaldi hjá ÍSL hefur alla vega verið frestað til sumars og hausts.





Frá vinstri: Sigurður Pétursson, Sigurbjörn Þorgeirsson og Nökkvi Snær Óðinsson.

Frá vinstri: Hermann Karlsson, Garðar Axelsson og Svavar Vignisson.

Aðstæður í Eyjum aldrei verið betri

Blíðskaparveður var á Landsmóti lögreglumanna 2020 í golfi

Landsmót lögreglumanna í golfi fór fram í Vestmannaeyjum 20. júlí 2020. Til stóð að mótið færi fram 16. júlí en ákveðið var að fresta mótinu vegna veðurs. Þetta reyndist vera hin besta ákvörðun því veðrið lék við mótsgesti þegar mótið fór fram og var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að aðstæður í Eyjum hafi verið eins og best verður á kosið. Völlurinn hafi sjaldan eða aldrei verið betri.

Alls voru 24 sem tóku þátt í mótinu, þar af tveir gestir. Mótið hófst kl. 13:00 og var leik lokið um kl. 19:00. Í framhaldi af því var efnt til veislu sem starfsmenn golfskálans í Vestmannaeyjum sáu um með myndarbrag.

A-flokkur forgjöf 0 – 9,9, án forgjafar

- Landsmótsmeistari var Sigurbjörn Þorgeirsson á 72 höggum
2. sæti Sigurður Pétursson á 74 höggum
 3. sæti Nökkvi Snær Óðinsson á 83 höggum
 4. sæti Trausti Freyr Jónsson á 83 höggum
 5. sæti Óskar Halldórsson á 86 höggum
 6. sæti Friðrik Kristján Jónsson á 89 höggum

B-flokkur forgjöf 10 – 18,4, punktkeppni

1. sæti Hinrik Konráðsson með 27 punkta
2. sæti Sveinn Ægir Árnason með 26 punkta

C-flokkur forgjöf 18,5 – 27,4, punktkeppni

1. sæti Huginn Egilsson með 30 punkta
2. sæti Ragnar Svanur Þórðarson með 28 punkta

3. sæti Þórir Björgvinsson með 27 punkta
4. sæti Arnar Geir Magnússon með 26 punkta
5. sæti Kristján Kristjánsson með 21 punkt

D-flokkur forgjöf 27,5 – 36, punktkeppni

1. sæti Garðar Axelsson með 33 punkta
2. sæti Svavar Vignisson með 33 punkta
3. sæti Hermann Karlsson með 29 punkta
4. sæti Martha Óskarsdóttir með 28 punkta

Öldungaflokkur 50 ára og eldri, punktkeppni

1. sæti Tryggvi Kr. Ólafsson með 35 punkta
2. sæti Kristján Freyr Geirsson með 34 punkta
3. sæti Oddur Ólafsson með 22 punkta
4. sæti Heiðar Hinriksson með 21 punkt

Heldrimannaflokkur 65 ára og eldri, punktkeppni

- Gísli Þorsteinsson með 22 punkta

Í sveitakeppninni sigraði sveit lögreglunnar á Suðurnesjum á 275 höggum. Í öðru sæti varð sveit lögreglunnar í Vestmannaeyjum á 276 höggum. Í þriðja sæti var sameinuð sveit LRH/RLS á 279 höggum.

Tryggvi Kr. Ólafsson



Frá vinstri: Kristján Fr. Geirsson, Tryggvi Kr. Ólafsson og Oddur Ólafsson.



Frá vinstri: Ragnar S. Þórðarson, Huginn Egilsson og Þórir Björgvinsson.



Sigurvegarar í sveitakeppni. Frá vinstri: Kristján Fr. Geirsson, Óskar Halldórsson og Friðrik K. Jónsson.



Gísli Þorsteinsson.



Sveinn Ægir Árnason og Hinrik Konráðsson.

**Alveg eins og þið...
erum við um land allt.**

AB.IS **AB VARAHLUTIR** **ALLTAF BETRI**
567-6020

AB varahlutir
þinn **hagur** í bílavarahlutum

REYKJANESBÆR SELFÖSS REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR



vinnuvernd



Frumherji

vodafone



MEÐ ÞÉR ALLA ÆVI

LSR er til staðar fyrir þig á mörgum helstu tímamótum ævinnar. Sem sjóðfélagi öðlastu víðtæk réttindi – kynntu þér þau á [lsr.is](#).

Hjá okkur geturðu líka fengið **séignarsparnað**, sem er ekki aðeins bein launahækkun fyrir þig, heldur líka ein besta sparnaðarleið sem völ er á. Við bjóðum einnig **fasteignalán**, bæði verðtryggð og óverðtryggð.

Nú geturðu sótt um bæði séignarsparnað og fasteignalán á vefnum okkar. Kynntu þér málið á [lsr.is](#).